

Fundargerð 3. fundar samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárbings ytra, Rangárbings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps

Fundurinn var haldin föstudaginn 22. janúar 2021, kl. 08:30 í fjarfundi gegnum Teams.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Róbert Ragnarsson, ráðgjafi
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir
- Páll Tómasson

Einar Freyr Elínarson og Hjalti Tómasson boðuðu forföll.

Anton Kári Halldórsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting á tilboði frá RR-ráðgjöf

Róbert Ragnarsson frá Rr-ráðgjöf mætir til fundar og fer yfir tilboð í verkstjórn verkefnisins. Samstarfsnefnd samþykkir samhljóða tilboð frá Rr-ráðgjöf og býður þau velkomin til starfa. Formanni falið að undirrita tilboð f.h. samstarfsnefndar

2. Tímalína og skipulag vinnu

Farið yfir tímalínu verkefnis og vinnutilhögun. Gert er ráð fyrir að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna fimm, samhliða Alþingiskosningum þann 25. september 2021.

3. Önnur mál

Farið yfir uppgjör fyrsta fasa verkefnisins sem fólst í könnunarviðræðum sveitarfélaganna á sameiningu og stóðst hann áætlun. Farið yfir kostnaðaráætlun fyrir formlegar sameiningarviðræður.

Rætt um möguleikann á því að stilla upp þróunarverkefni samhliða sameiningarviðræðum og sækja um styrk til Jöfnunarsjóðs fyrir því. Nefndarmenn komi sínum hugmyndum á sameiginlegt skjal og verða þær ræddar á næsta fundi nefndarinnar.

Ráðgjafa og formanni falið að undirbúa dagskrá næsta fundar sem verður þann 5. febrúar 2021 kl. 08:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30

Fundargerð send fundarmönnum með tölvupósti til staðfestingar.